

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og bygg-  
ingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar (KolH).

1. Við 3. gr. M-liður f-liðar falli brott.
2. Við 5. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo: 3. og 4. mgr. falla brott.
3. Við 10. gr. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. másl. 1. efnismgr. komi: sex.
4. Við 11. gr. 1. efnismgr. orðist svo:  
Ef framkvæmdir hefjast ekki innan sex ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska eftir athugun Skipulagsstofnunar og skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli að hluta eða í heild fara fram að nýju.
5. Við 12. gr.
  - a. 2. mgr. a-liðar (14. gr.) falli brott.
  - b. 3. mgr. a-liðar (14. gr.) orðist svo:  
Enn fremur má kæra til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 8. gr. um synjun eða samþykkt matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að drög að matsskýrslu uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða þær séu eða ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.
6. Við 13. gr. Í stað orðanna „taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar“ í 1. másl. 2. efnismgr. komi: taka mið af áliti Skipulagsstofnunar.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:  
Eftirfarandi breytingar verða á 1. viðauka við löginn:
  - a. 2. tölul. orðast svo: Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 25 MW uppsett varmaafli eða meira og vatnsaflsvirkjanir og önnur orkuver með 10 MW uppsett raf-  
afl eða meira.
  - b. 9. tölul. orðast svo: Allir flugvellir.
  - c. li. tölul. 10. tölul. orðist svo: Allir nýir vegir utan þéttbýlis. Enduruppbygging vegna utan þéttbýlis þar sem nýlagning er alls a.m.k. 10 km að lengd.
  - d. 13. tölul. orðast svo: Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 2,2 milljónir m<sup>3</sup> (70 l/s) eða meira.
  - e. 14. tölul. orðast svo: Veita vatnsforða með vatnsaflsvirkjunum milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m<sup>3</sup> á ári.
  - f. 21. tölul. orðast svo: Efnistaka á 10.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra, eða sem er 30.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 10.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra, eða sem er 30.000 m<sup>3</sup> eða meiri.
  - g. 1. másl. 22. tölul. orðast svo: Loftlínur og jarðstrengir utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 33 kV spennu eða hærri.

8. Við 19. gr.
- a. Við bætist tveir nýir liðir er orðist svo:
    - a. Við bætist nýr töluliður er verður 1. tölul. og orðast svo: Allar framkvæmdir á verndarsvæðum samkvæmt skilgreiningum í iii. tölul. 2. tölul. 3. viðauka.
    - b. C-liður 1. tölul. orðast svo: Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra.
  - b. A-liður orðist svo: D-liður 1. tölul. orðast svo: Nýræktun skóga og uppgræðsla lands á 50 ha svæði eða stærra og ruðningur á náttúrulegum skógi.
  - c. B-liður orðist svo: A-liður 2. tölul. orðast svo: Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka er á 1.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 3.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 1.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 3.000 m<sup>3</sup> eða meiri.
  - d. Á eftir c-lið komi nýr staflíður er orðist svo: Orðin „á verndarsvæðum“ í b–e-lið 3. tölul., c-lið 6. tölul., h-lið 7. tölul., b-, d- og f-lið 10. tölul., c–d-lið 11. tölul. og a- og c-lið 12. tölul. falla brott.
9. Á eftir 19. gr. komi ný grein er orðist svo:
- A-liður iii. tölul. 2. tölul. 3. viðauka við lögin orðast svo: friðlýstra náttúruminja, svæða á náttúruminjaskrá, svæða samkvæmt náttúruverndaráætlunum og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
10. Við 21. gr. 3. og 4. másl. 5. efnismgr. orðist svo: Allir sem gert hafa athugasemdir eða sent inn umsagnir fyrir í ferlinu geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt.
11. Við 22. gr.
- a. 1. másl. 1. efnismgr. orðist svo: Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
  - b. 5. efnismgr. falli brott.
  - c. Í stað orðanna „Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum“ í 1. másl. 6. efnismgr. komi: Við útgáfu framkvæmdaleyfis ber sveitarstjórn að taka mið af skilyrðum.